

Stofnanasamningur milli

Skógarbæjar og SFR.

(skv. 11. kafla ákvæðum í kjarasamningi
SFR og SFH frá 9.september 2005)

1. Gildissvið

Samkomulag þetta tekur til allra félagsmanna í SFR sem starfa hjá Skógarbæ.

2. Röðun í launaramma og launaflokka

Launakerfi byggir á eftirfarandi starfaflokkum hjá félagsmönnum SFR.

2.1. Grunnröðun

Við upphaf starfs skal taka tillit til eðlis starfsins og starfsmanni raðað í ramma í samræmi við það. Eftirfarandi launarammar/launaflokkar skulu vera grunnröðun fyrir hvern starfaflokk:

Eftirfarandi störfum er raðað í launaramma A

Aðstoðarm. Iðjuþjálfar/sjúkraþjálfar	A08
Fulltrúi í móttöku	A09

Eftirfarandi störfum er raðað í launaramma B

Félaggliði	B03
Umsjónarmaður	B07
Matarfræðingur m/verkstjórn	B07
Bókari	B09

Eftirfarandi störfum er raðað í launaramma C

Ræstingarstjóri/innkaupastjóri	C05
Forstöðumaður í eldhúsi	C07
Deildarstjóri launadeildar	C09

2.2. Staðgenglar

Við það skal miða að formlegir staðgenglar raðist a.m.k. tveimur launaflokkum hærra en ella (miðað við grunnröðun). Um önnur atriði varðandi staðgengla gilda ákvæði í kjarasamningi aðila.

2.3. Starfsreynsla

Starfsmaður, sem hefur öðlast starfsreynslu hjá stofnuninni, skal hækka um launaflokka sem hér segir. Jafnframt er heimilt að meta starfsreynslu hjá öðrum ef talið er að hún nýtist í starfi og er því talin starfsreynsla hjá stofnuninni að hluta til eða öllu leyti.

starfsmaður með eins árs starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk í **A og B ramma**
starfsmaður með þriggja ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk **A og B**
starfsmaður með fimm ára starf hjá Skógarbæ skal hækka um 1 launaflokk í **A, B og C**

2.4. Menntun/starfsnám

a) Starfsmaður, sem er í starfi sem raðast í launaramma A, B eða C, sem hefur menntun sem nýtist í starfi og hefur ekki verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, skal hækka um launaflokk sem hér segir:

starfsmaður, sem hefur lokið eins til tveggja ára námi, skal hækka um 1 launaflokk.

starfsmaður, sem hefur lokið þriggja til fjögurra ára námi, skal hækka um 1 launaflokk.

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokka sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

starfsmaður skal, þegar 60 klst. er náð, hækka um 1 launaflokk

starfsmaður skal, þegar 120 klst. er náð, hækka um 1 launaflokk

starfsmaður skal, þegar 200 klst. er náð, hækka um 1 launaflokk

2.5. Annað

a) Heimilt er að hækka starfsmann um launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

-starfið felur í sér sérstaka ábyrgð

-starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna

-starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið

-starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi

-starfsmaður hefur með höndum umsjón tölvukerfis

-starfsmaður sýnir sérstaka hæfni í starfi

b) Starfsmenn skulu eiga rétt á starfsmannaviðtali einu sinni á ári. Viðtalið er liður í starfsþróunaráætlun stofnunarinnar gagnvart hverjum starfsmanni fyrir sig. Í áætluninni skal m.a koma fram:

- Launahækkun starfsmanns með tilliti til forsendna í a) lið 2.5 gr.
- Möguleikar starfsmanns á símenntun og áætlun um það
- Umsögn um stöðu starfsmanns gagnvar starfi sínu

Stofnunin skal halda til haga skriflegum forsendum sem liggja að baki hækkunar á launaflokkum samkvæmt þessum lið. Samstarfsnefnd á rétt á því að fá að sjá umræddar forsendur.

3. Endurskoðun og gildistími

Endurskoða skal samninginn samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SFR og SFH. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það. Gildistími samningsins er frá og með 1. febrúar 2005.

Reykjavík 09. september 2005

F.h. SFR

F.h. Hjúkrunarheimilisins Skógarbæjar

Bókun:

Aðilar eru sammála um að í staðinn fyrir að endurskoða stofnanasamninginn 1. maí 2006 og 1. maí 2007, eins og kveðið er á um í kjarasamningi milli SFR og SFH, þá hækki grunnröðun allra starfsheita um einn launaflokk 1. maí 2006 og um einn launaflokk 1. maí 2007.